

*Ávarp Jóns Kristjánssonar, heilbrigðismálaráðherra,  
þegar hann tók formlega í notkun nýtt segulómtæki  
á LSH í Fossvogi  
14. desember 2004*

Ágætu gestir.

Þegar ákveðið var að sameina tvo spítala í einn þá var það meðal annars gert til þess að geta í framtíðinni tryggt að það fína fagfólk sem starfar innan vébanda háskólasjúkrahússins Landspítalans – þessarar stofnunar sem er og verður veigamesta heilbrigðisstofnun þjóðarinnar – ætti þess kost að nýta hæfileika sína og menntun í þágu sjúkra við fullkomnar ytri aðstæður.

Til þessara ytri aðstæðna heyra tækin og tólin sem meðal annars eru notuð til að greina og skilgreina.

Tækið sem nú verður tekið í notkun er eitt af þeim tækjum sem nauðsynleg eru til að þekking og reynsla fagfólksins fái notið sín til fullnustu á hátæknispítala.

Ég held það sé óhætt að segja að með þessu segulómtæki stígur Landspítalinn stórt skref fram á veginn sem hátæknispítali og háskólasjúkrahús. Ég veit að miklar vonir eru bundnar við notkun þessa nýja og öflugra segulómtækis og ef ég þekki menn hér rétt, bæði þá sem vinna daglega við tækið og þá sem stjórna spítalanum, þá klæjar þá í fingurna að nota tækið til að geta sinnt starfi sínu enn betur.

Sérfróðir menn segja mér að tækið boði ekki minna en byltingu í þjónustu röntgendeildar Landspítala, enda mun eldra tækið sem þetta leysir af hólmi vera á fermingaráldri, en 13 ár er langur tími í heimi hátæknilækninga.

Það er einlæg von mín að með þessu nýja tæki, með nýrri tækni, verði greiningar og möguleikar ykkar ekki aðeins betri og öruggari – ég vonast líka til þess að tækið skapi nýja möguleika til rannsókna á sviðum sem fram að þessu hafa ekki verið mögulegar.

Ég sagði síðsumars, þegar ég var á Hringbrautinni í ekki ólíkum erindagjörðum, að það væri stundum hálfgerpt það að gegna embætti heilbrigðismálaráðherra, en þegar maður horfði upp á framfarir og sæi jafnvel inn í framtíðina þá væri ástæða til að gleðjast.

Ég endurtek þetta: Þetta er ánægjuleg stund fyrir heilbrigðisyfirvöld, fyrir ykkur sem hér vinnið gott starf en síðast en ekki síst er þetta fagnaðarefni fyrir þá sem við þjónum í sameiningu – fólkið í landinu.

*(Talað orð gildir)*